

ORKUSTOFNUN

Orkuspárnefnd

Leiðbeiningar um FLOKKUN RAFORKUNOTKUNAR

OS-89033/OBD-02

Reykjavík, október 1989

Júlí 2000

Apríl 2001

Desember 2018

Útgáfa 1.0

Útgáfa 1.2

Útgáfa 1.3

Útgáfa 2.0

LISTI YFIR ÚTGÁFUR

Útgáfa 1.0	4. október 1989
Útgáfa 1.1	17. apríl 1996
Útgáfa 1.2	5. júlí 2000
Útgáfa 1.3	11. apríl 2001
Útgáfa 2.0	3. desember 2018

EFNISYFIRLIT**00 INNGANGUR****01 LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG FISKVEIÐAR**

- 0101 Búrekstur og hitun húsnæðis
- 0102 Búrekstur og súgþurrkun (**felldur niður 1. janúar 2001**)
- 0103 Búrekstur og mjólkurkæling (**felldur niður 1. janúar 2001**)
- 0104 Búrekstur, hitun húsnæðis og súgþurrkun (**felldur niður 1. janúar 2001**)
- 0105 Búrekstur, hitun húsnæðis og mjólkurkæling (**felldur niður 1. janúar 2001**)
- 0106 Búrekstur, súgþurrkun og mjólkurkæling (**felldur niður 1. janúar 2001**)
- 0107 Búrekstur, hitun húsnæðis, súgþurrkun og mjólkurkæling (**felldur niður 1. janúar 2001**)
- 0108 Búrekstur
- 0109 Fiskrækt
- 0112 Alifuglabú
- 0111 [Garðyrkja, lýsing \(nýr flokkur frá 1.1.2018\)](#)
- 0113 Svínabú
- 0115 Loðdýrabú
- 0116 [Garðyrkja og ylrækt annað en lýsing \(breyttur flokkur frá 1.1.2018\)](#)
- 0117 Fóðurframleiðsla önnur en framleiðsla grasmjöls
- 0118 Grasmjölsverksmiðjur
- 0121 Skógræktarstöðvar
- 0122 Fiskveiðar
- 0123 Sportveiði

02 KOLANÁM**03 GRJÓTNÁM, MALARNÁM OG ÖNNUR JARÐEFNATAKA****04 MATVÆLAIÐNAÐUR**

- 0410 Sláturhús og kjötiðnaður
- 0420 Mjólkuriðnaður
- 0431 Fiskfrysting
- 0432 Salfisk- og skreiðarframleiðsla
- 0440 Síldarsöltunarstöðvar
- 0450 Niðurlagningaverksmiðjur
- 0460 Brauð- og kökugerð
- 0470 Kexgerð
- 0480 Sælgætisgerð
- 0491 Drykkjarvöruíðnaður
- 0492 Annar matvælaiðnaður

05 VEFJAR-, FATA- OG LEÐURÍÐNAÐUR

- 0510 Vefjariðnaður
- 0520 Fataiðnaður og framleiðsla á vefnaðarvörum
- 0530 Leður- og skóiðnaður
- 0540 Veiðarfæragerð

06 TIMBUR- OG PAPPÍRSÍÐNAÐUR, PRENTUN OG ÚTGÁFA

- 0610 Timbur- og korkiðnaður
- 0620 Pappa- og pappírsvörugerð
- 0630 Prentun, útgáfa og skyld starfsemi

07 GÚMMÍVÖRUIÐNAÐUR**08 EFNAIÐNAÐUR**

- 0810 Olíuhreinsunarstöðvar
- 0820 Plastiðnaður
- 0821 Framleiðsla úr olíu og kolum, ótalin annars staðar
- 0831 Áburðarvinnsla
- 0832 Hvalvinnsla
- 0833 Lifrabræðsla
- 0834 Fiskimjöls, síldarmjöls- loðnuverksmiðjur
- 0835 Málningar-, lakk- og límgerð
- 0839 Efnaiðnaður ótalin annars staðar

09 STEINEFNAIÐNAÐUR

- 0920 Gleriðnaður
- 0930 Leirsmíði og postulínsiðnaður
- 0940 Sementsgerð
- 0950 Kísilgúrframleiðsla
- 0960 Steinullargerð
- 0990 Steinsteypugerð

10 UNDIRSTÖÐUIÐNAÐUR ÚR JÁRNI OG STÁLI

- 1010 Járnblendiiðnaður
- 1020 Annar undirstöðuiðnaður úr járni og stáli

11 UNDIRSTÖÐUIÐNAÐUR ÚR ÓJÁRNKENNDUM MÁLMUM

- 1110 Áliðnaður
- 1111 Framleiðsla álþynna (**nýr flokkur frá 1.1.2010**)
- 1120 Annar undirstöðuiðnaður úr ójárnkenndum málmum

12 FRAMLEIÐSLA VÉLA OG TÆKJA

- 1210 Framleiðsla véla og tækja annarra en raftækja og flutningstækja
- 1220 Framleiðsla raftækja
- 1230 Skipasmíðar
- 1240 Framleiðsla samgöngutækja á landi og í lofti

- 13 FRAMLEIÐSLUIÐNAÐUR, ÓTALINN ANNARS STAÐAR**
- 14 BYGGINGARSTARFSEMI OG OPINBERAR FRAMKVÆMDIR**
- 15 REKSTUR ALMENNINGSVEITNA OG OPINBER STJÓRNSÝSLA**
- 1510 Raforkuvinnsla (**nýr flokkur frá 1.1.2018**)
 - 1511 Rafveitur, dreifiveitur og Landsnet (**breyttur flokkur frá 1.1.2018**)
 - 1512 Hitaveitur
 - 1513 Rafhitaveitur
 - 1521 Vatnsveitur
 - 1522 Sjúkrahús, elliheimili og vistheimili
 - 1523 Skólar
 - 1524 Sundlaugar og íþróttahús
 - 1525 Keflavíkurflugvöllur og önnur NATO viðskipti
 - 1527 Félagsheimili
 - 1528 Kirkjur
 - 1529 Dagheimili, leikskólar
 - 1540 Önnur opinber þjónusta og stjórnsýsla
- 16 VIÐSKIPTI, HANDIÐNIR OG ÞJÓNUSTA ÖNNUR EN OPINBER**
- 1611 Heildverslun
 - 1612 Smásöluverslun
 - 1621 Veitingastaðir
 - 1622 Gististaðir
 - 1631 Samgöngur, aðrar en rafknúin farartæki
 - 1632 Póstur og sími
 - 1641 Peningastofnanir
 - 1642 Tryggingar
 - 1643 Þjónusta við atvinnurekstur (**breyttur flokkur frá 1.1.2018**)
 - 1644 Gagnaver (**nýr flokkur frá 1.1.2018**)
 - 1650 Heilbrigðisþjónusta á vegum einkaaðila
 - 1660 Menningarmál
 - 1670 Önnur þjónusta og handiðnir
- 17 RAFKNÚIN FARARTÆKI**
- 18 GÖTU- OG HAFNALÝSING**
- 1811 Götu- og hafnalýsing
 - 1812 Rafmagn til skipa
- 19 HEIMILI**
- 1910 Heimili án rafhita eða með sérmælda rafhitun
 - 1920 Heimili með rafhitun sem ekki er sérmæld
 - 1930 Sérmæld rafhitun íbúðarhúsnæðis
 - 1940 Sumarbústaðir

VIÐAUKI 1, UPPFLETTILISTI. Greining starfsemi á notkunarflokkum

00 INNGANGUR

Við áætlanagerð á sviði raforkumála er mjög mikilvægt að hafa sem bestar upplýsingar um það til hvers landsmenn nota raforku. Fram á áttunda áratug síðustu aldar fengust slíkar upplýsingar helst úr söluskýrslum rafveitna þar sem orkusalan er greind eftir gjaldskrárflokkum. Á þeim árum tóku gjaldskrár rafveitnanna ýmsum breytingum og var svo komið að mjög litlar upplýsingar um notkun raforkunnar fengust úr slíkum skýrslum. Þetta olli Orkuspárnefnd verulegum erfiðleikum og snemma á níunda áratugi síðustu aldar lagði hún því til að rafveitur greindu notkun sína eftir svokölluðum notkunarflokkum. Þar er um að ræða flokka sem samtök evrópskra raforkuframleiðenda og dreifiveitna (UNIPEDA) höfðu skilgreint og Orkuspárnefnd aðlagð íslenskum aðstæðum. Slík greining notkunar á einnig að koma rafveitunum til góða því þannig fá þær ítarlegar upplýsingar um raforkusölu sína. Þessi flokkun hefur síðan verið í notkun í um þrjá áratugi og á þeim tíma hafa verið gerðar fáeinar breytingar á flokkuninni. Í útgáfu 2.0 sem tók gildi 1. janúar 2018 hefur verið bætt inn fjórum nýjum notkunarflokkum sem eru:

0111 Garðyrkja, lýsing
1111 Framleiðsla álþynna
1510 Raforkuvinnsla
1644 Gagnaver

Til að hægt sé að greina raforkunotkun eftir áður nefndum flokkum þurfa rafveitur að merkja hvern og einn raforkumæli með tilheyrandi flokki. Þegar um er að ræða starfsemi sem tilheyrir fleirum en einum flokki og öll raforkunotkunin fer um einn mæli ber að merkja hann með þeim flokki sem talinn er stærstur. Ef sama fyrirtækið er með margs konar starfsemi og marga rafmagnsmæla er hægt að merkja þá mismunandi notkunarflokkum. Ef menn eru ekki vissir hvernig á að flokka einstaka mæla geta þeir leitað ráða hjá Orkuspárnefnd, sem hefur aðsetur hjá Orkustofnun, og má senda fyrirspurnir þangað. Einnig getur eftirfarandi starfsmaður raforkuhóps nefndarinnar tekið við fyrirspurnum og veitt aðstoð:

Jón Vilhjálmsson
EFLA verkfræðistofa
Lynghálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 4126139
Tölvupóstur: jon.vilhjalmsson@efla.is

Í raforkuhópi Orkuspárnefndar, sem unnið hefur þetta rit, eiga eftirtaldir sæti (desember 2018):

Landsnet:	Sverrir Jan Norðfjörð, formaður
Norðurorka:	Halla Bergþóra Halldórsdóttir
Orkubú Vestfjarða:	Elías Jónatansson
Orkustofnun:	Rán Jónsdóttir
Rafmagnsveitur ríkisins:	Pétur E. Þórðarson

Inngangur

Flokkun raforkunotkunar

Samorka:

Baldur Dýrfjörð

Veitur:

Rúnar Svavar Svavarsson

Starfsmaður raforkuhóps:

Jón Vilhjálmsson

Hér á eftir verður fjallað nánar um hvern notkunarflokk fyrir sig.

01 LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG FISKVEIÐAR

Hér er um að ræða 11 undirflokka. Í hefðbundnum landbúnaði má segja að raforka sé nýtt til fimm þátta, þ.e. heimilisnota, hitunar íbúðarhúsa, almenns búrekstrar, súgþurrkunar og mjólkurkælingar og voru notkunaflokkar í upphafi miðaðir við þessa skiptingu. Erfitt hefur verið að halda þessum merkingum við auk þess sem súgþurrkun hefur minnkað mikið og var því ákveðið að frá og með 1. janúar 2001 yrði einungis greint á milli þess hvort um væri að ræða rafhitun húsnæðis eða ekki í hefðbundnum landbúnaði og fækkaði þá flokkunum þar úr 8 í tvo. Tilgangur þess að vera með tvo flokka er að getað áætlað hve mikil rafhitun húsnæðis er til sveita þar sem öll notkun fer yfirleitt um sama mælinn.

Mæli fyrir heimilisnotkun, þar sem landbúnaður er meginstarfsemi ábúenda, á aldrei að merkja með númeri í meginflokk 19 heldur ber að nota flokka 0101 eða 0108. Ef rafhitun er sérmæld er settur notkunarflokkur 0101 á hana og 0108 á aðra notkun á búinu. Ef aftur á móti búreksturinn er frístundastarf og aðal atvinna ábúenda er önnur, ber að skrá heimilisnotkun og rafhitun íbúðarhúsnæðis í viðeigandi undirflokk í lið 19. Ef í því tilviki er sérstakur mælir fyrir búreksturinn er hann skráður á viðkomandi flokk hér.

Ef aðalstarf ábúenda er ferðaþjónusta flokkast raforkunotkun þeirra ekki hér heldur í viðeigandi undirflokk í lið 16 (1621 ef um gistingu er að ræða). Í þéttbýli er nokkuð um að fólk stundi hestamennsku í frístundum og telst öll raforkunotkun sem tengist slíku, svo sem í hesthúsum, til flokksins menningarmál, 1660, en ekki hér.

0101 Búrekstur og hitun húsnæðis: Ef meginstarfsemi ábúenda er hefðbundinn búrekstur og íbúðarhúsnæðið er hitað með raforku og notkun fer um einn mæli er hann merktur með þessum flokki. Ef rafhitun er sérmæld fellur sá mælir undir þennan flokk en aðrir mæljar undir 0108. **0101**

0108 Búrekstur: Ef meginstarfsemi ábúenda er hefðbundinn búrekstur og ekki er um rafhitun eru allir raforkumælar merktir með þessum flokki. Ef rafhitun er sérmæld fellur sá mælir undir flokk 0101 en önnur notkun er flokkuð hér. **0108**

0109 Fiskrækt: Raforkumælar í eldisstöðvum eru merktir þessum flokki óháð því um hvers konar fiskeldi er að ræða. Ef þar að auki er um einhverja úrvinnslu að ræða, svo sem frystingu eða reykingu, og sérstakur mælir er fyrir þá starfsemi er sá mælir merktur matvælaíðnaði (0431 eða 0492). Sérmæld rafhitun húsnæðis sem notað er við þessa starfsemi er flokkuð hér. **0109**

0111 Garðyrkja, lýsing: Raforkumælar í gróðurhúsum á notkun sem er niðurgreidd af ríkinu. Þar sem meginstarfsemi í gróðurhúsi er verslun á ekki að nota þennan flokk heldur 1612. **0111**

0112 Alifuglabú: Þar sem meginstarfsemi á búi er eldi fugla eru raforkumælar merktir þessum flokki. Öll starfsemi á búinu á þá að falla undir þennan flokk. Þar sem **0112**

eldi fugla er aukabúgrein á ekki að nota þennan flokk nema ef sérstakur mælir er fyrir þá starfsemi.

- 0113 Svínabú:** Þar sem meginstarfsemi á búi er eldi svína eru raforkumælar merktir þessum flokki. Öll starfsemi á búin á þá að falla undir þennan flokk. **0113**
- 0115 Loðdýrabú:** Þar sem meginstarfsemi á búi er eldi loðdýra eru raforkumælar merktir þessum flokki. Öll starfsemi á búinu á þá að falla undir þennan flokk og einnig rafhitun íbúðar- og útihúsa og heimilisnotkun. Þar sem eldi loðdýra er aukabúgrein á ekki að nota þennan flokk nema ef sérstakur mælir er fyrir þá starfsemi. **0115**
- 0116 Garðyrkja og ylrækt:** Allir raforkumælar í gróðurhúsum, sem notuð eru til ræktunar og notkun ekki niðurgreidd, eru merktir þessum flokki. Þar sem meginstarfsemi í gróðurhúsi er verslun á ekki að nota þennan flokk heldur 1612. Á þeim býlum þar sem meginstarfsemin er garðyrkja er heimilisnotkun og rafhitun einnig flokkuð hér. Þar sem gróðurhús eru í þéttbýli er heimilisnotkun og rafhitun íbúðarhúsnæðis ekki merkt þessum flokki heldur viðkomandi undirflokki í lið 19. **0116**
- 0117 Fóðurframleiðsla önnur en framleiðsla grasmjöls:** Öll fóðurframleiðsla fyrir dýr á að flokkast hér þar meðtalin framleiðsla fóðurs fyrir loðdýrabú. Framleiðsla fóðurs fyrir fiskeldi telst ekki hér heldur er hún flokkuð í meginflokk 08. Sérmeild rafhitun húsnæðis í þessari atvinnugrein er einnig flokkuð hér. **0117**
- 0118 Grasmjölsværksmiðjur:** Raforkumælar í grasmjölsværksmiðjum eru merktir þessum flokki. Ef einnig er geymsluhúsnæði með sérmeildri raforkunotkun á að flokka hana hér. Sérmeild rafhitun værksmiðjanna, ef um slíkt er að ræða, telst einnig til þessa flokks. **0118**
- 0121 Skógræktarstöðvar:** Mælar í skógræktarstöðvum eru flokkaðir hér. Heimilisnotkun eða rafhitun íbúðarhúsnæðis er ekki merkt þessum flokki nema þar sem aðalstarfsemi ábúenda á jörð er ræktun nytjaskóga. **0121**
- 0122 Fiskveiðar:** Útgerðarfélag eru með nokkra starfsemi í landi og raforkunotkun þar er flokkuð hér. Ef fyrirtæki er bæði með útgerð og fiskvinnslu og þetta er allt rekið sem ein heild, þannig að ekki er hægt að greina starfsemi vegna útgerðar frá annarri starfsemi, er þessi flokkur ekki notaður heldur er raforkumælir merktur fiskiðnaði. Verbúðir flokkast einnig hér. Sérmeild rafhitun húsnæðisins sem þessi starfsemi fer fram í er einnig flokkuð hér. Raforka sem fiskiskip fá úr landi þegar þau eru í höfn telst **ekki** hér heldur til flokks 1812. **0122**
- 0123 Sportveiði:** Raforkunotkun tengd sportveiði, svo sem í veiðihúsum við ár og vötn, er flokkuð hér. Rafhitun húsa telst einnig til þessa flokks. **0123**

02 KOLANÁM

Kolanám er ekkert hér á landi og á því ekki að skrá neinn mæli í þennan hóp.

0200 Vinnsla á kolum og surtarbrandi: Raforkunotkun í kolanámum flokkast hér. **0200**
Raforkunotkun tengd innflutningi kola á **ekki** að flokka hér heldur tilheyrir
hún flokki 1611. Ef einhvern tímann yrði farið að grafa surtarbrand úr jörðu að
nýju mundi raforkunotkun þeirrar námu vera flokkuð hér.

03 GRJÓTNÁM, MALARNÁM OG ÖNNUR JARÐEFNATAKA

Hér á að flokka námurekstur annan en kola- og surtabrandsnámur.

0300 Malarnám, jarðboranir og önnur jarðefnataka: Raforkunotkun í námum og starfsemi tengdri námunum (yfirstjórn, mötuneyti o.s.frv.) er flokkuð hér. Um er t.d. að ræða malarnám vegna vegagerðar, virkjanaframkvæmda og annarra framkvæmda. Einnig telst saltvinnsla til þessa flokks. Jarðboranir eru flokkaðar hér og er þar um að ræða alla notkun fyrirtækja í þeirri grein. Rafhitun húsnæðis sem notað er við þessa starfsemi er einnig flokkuð hér. **0300**

04 MATVÆLAIÐNAÐUR

Matvælaíðnaður er greindur í 11 undirflokkum og á öllum raforkunotkun í þessum iðnaði að flokkast hér. Ekki er aðeins um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Þegar aftur á móti er komið út í sölu á að flokka hana undir lið 16. Þar sem framleiðsla og sölustarfsemi nota sama raforkumælinn ber að merkja hann þeim þætti sem er umsvifamestur. Sérþættur rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 0410 Sláturhús og kjötiðnaður:** Öll sláturhús og kjötiðnaðarstöðvar eiga að flokkast hér þar meðtalin reykhus sem reykja fyrst og fremst kjöt. Reykhús sem aðallega reykja fisk lenda í flokki 0492. Einnig á hér að flokka framleiðslu á tilbúnum réttum úr kjöti. Fyrirtæki þar sem meginstarfsemin er kjötvinnsla reka oft á tíðum einnig verslanir og ef raforkunotkunin þar er sérþættur telst hún til flokks 1612. Kjötvinnsla sem á sér stað innan veggja verslana er yfirleitt ekki sérþættur og telst því með verslunarrekstrinum í flokki 1612. **0410**
- 0420 Mjólkuíðnaður:** Mjólkurstöðvar eru í þessum flokki en dreifingar- og söluaðilar mjólkurvara eiga ekki heima hér. Þar sem hægt er að greina á milli þessara þátta ber því að gera það og setja seinni þáttinn í 1600 hópinn. Framleiðsla á mjólkurís telst einnig hér en ekki ísbúðir sem eru í flokki 1612. **0420**
- 0431 Fiskfrysting:** Raforkunotkun í frystihúsum telst til þessa flokks. Mörg fyrirtæki í fiskiðnaði eru með margt fleira en frystingu svo sem söltun, herslu lýsis og mjólframleiðslu. Eftir því sem kostur er ber að greina á milli þessara þátta með því að merkja mælana með stærsta notkunarflokki. Frysting á skelfiski er meðtalin hér. **0431**
- 0432 Saltfisk- og skreiðarframleiðsla:** Raforkunotkun við vinnslu saltfisks og skreiðar telst til þessa flokks. Ef um aðra fiskvinnslu, sem ekki er sérþættur, er einnig að ræða er mælirinn merktur þessum flokki ef hlutur hans í orkunotkuninni er stærstur. **0432**
- 0440 Síldarsöltunarstöðvar:** Raforkunotkun við síldarsöltun telst til þessa flokks. Ef um aðra fiskvinnslu er einnig að ræða sem ekki er sérþættur er mælir merktur þessum flokki ef hlutur hans í orkunotkuninni er stærstur. **0440**
- 0450 Niðurlagningarverksmiðjur:** Niðursuða matvæla flokkast hér óháð því hvert hráefnið er. **0450**
- 0460 Brauð- og kökugerð:** Bakarí og aðrir framleiðendur á brauðum og kökum teljast til þessa flokks. Í mörgum bakaríum er bæði um að ræða bakstur og smásölu og ef hvor þáttur er sérþættur flokkast sá fyrri hér en sá seinni til flokks 1612. Ef ekki er sérþættur telst öll notkunin til þessa flokks ef talið er að meirihluti **0460**

raforkunnar fari til hans.

- 0470 Kexgerð:** Kexverksmiðjur falla í þennan flokk. Framleiðsla á ýmsum matvælum úr hveíti, svo sem spaghettí, er talin hér. **0470**
- 0480 Sælgætisgerð:** Öll sælgætisgerð tilheyrir þessum flokki en ekki sala á sælgæti svo sem í söluturnum. **0480**
- 0491 Drykkjavöruiðnaður:** Í þessum flokki er allur drykkjavöruiðnaður nema mjólkuriðnaður. Hér er t.d. um að ræða gosframleiðslu, blöndun og pökkun ávaxtasafa og bruggun. Þar sem einungis er um að ræða átöppun, en enga framleiðslu, telst hún til flokks 1611. **0491**
- 0492 Annar matvælaiðnaður:** Matvælaiðnaður sem ekki fellur undir neinn flokkanna hér á undan telst til þessa flokks. T.d. er um að ræða mölun og pökkun á kaffi, reykingu fisks, smjörlíkisgerð, framleiðslu á kornmat, súpu- og sultugerð. Hér telst einnig framleiðsla gæludýrafóðurs. **0492**

05 VEFJAR-, FATA- OG LEÐURIÐNAÐUR

Hér er um fjóra undirflokka að ræða og á öll raforkunotkun í þessum iðnaði að flokkast í þá. Ekki er bara um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig við yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Þegar aftur á móti er komið út í sölu á að flokka hana undir lið 16. Þar sem framleiðsla og sölustarfsemi nota sama raforkumælinn ber að merkja hann þeim þætti sem er stærri. Sérmeild rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

0510 Vefjariðnaður: Hér lenda t.d. ullarþvottarstöðvar, litun á ull, spuni og **0510** framleiðsla á efnum og áklæðum til frekari úrvinnslu. Ef lokaframleiðslan er fatnaður ber **ekki** að flokka raforkumælinn hér heldur telst hann til flokks 0520.

0520 Fataiðnaður og framleiðsla á vefnaðarvörum: Ef lokaframleiðsla fyrirtækis **0520** eru föt, óháð því úr hvaða efni þau eru, telst það til þessa flokks. Ef um sama mæli fer orka til framleiðslu og sölu og meginstarfsemin er framleiðsla fellur mælir í þennan flokk. Einnig er hér framleiðsla á öðrum vefnaðarvörum svo sem gluggatjöldum, dúkum, sængurfötum og teppum. Í fataverslunum geta verið litlar saumastofur, aðallega ætlaðar til lagfæringa á fötum, sem teljast hluti af versluninni og flokkast því til 1612.

0530 Leður- og skóíðnaður: Sútunarverksmiðjur flokkast hér en ekki fataframleiðsla **0530** úr leðri sem telst til flokks 0520. Einnig framleiðsla á töskum og veskjum úr leðri og leðurlíki. Framleiðsla á áklæðum og mottum úr skinum og leðri er í þessum flokki. Skógerð telst til þessa hóps en skósmiðir eiga **ekki** að flokkast hér heldur í 1670. Framleiðsla á skóm úr tréi, gúmmí og plasti lendar þó ekki hér heldur í flokkum 0610, 0700 og 0820.

0540 Veidarfæragerð: Netagerð og önnur veiðarfæragerð telst til þessa flokks. Ef **0540** meginstarfsemin er viðgerð neta á ekki að flokka hana hér heldur telst hún til flokks 1643.

06 TIMBUR- OG PAPPÍRSIÐNAÐUR, PRENTUN OG ÚTGÁFA

Hér eru þrír undirflokkar sem öll raforkunotkun í þessum iðnaði á að flokkast í. Ekki er bara um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig við yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Þegar aftur á móti er komið út í sölu á að flokka hana undir lið 16. Þar sem framleiðsla og sölustarfsemi nota sama raforkumælinn ber að merkja hann þeim þætti sem er stærri. Sérmeðl rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 0610 Timbur- og korkiðnaður:** Húsgagna- og innréttingaiðnaður telst til þessa flokks **0610** nema ef framleiðslan er að mestu úr öðru en timbri svo sem málmum eða plasti en þá lendir hún í flokkum 1300 og 0820. Einnig flokkast hér verksmiðjur sem framleiða einingahús úr timbri, límtrésverksmiðjur o.fl. Lítil trésmíðaverkstæði sem sinna aðallega minniháttar þjónustuverkum fyrir einstaklinga og fyrirtæki eru ekki merkt þessum flokki heldur 1670. Vinna á byggingarstað telst aftur á móti ekki hér heldur til flokks 1400.
- 0620 Pappa- og pappírsvörugerð:** Í þessum flokki er öll framleiðsla á pappírsvörum **0620** nema sá hluti sem prentsmiðjur eru með en þær teljast til 0630. Hér er t.d. um að ræða umbúðagerð, framleiðsla á handþurrkum úr pappír, klósetpappír og pappírubleium.
- 0630 Prentun, útgáfa og skyld starfsemi:** Prentsmiðjur teljast til þessa flokks og **0630** einnig bókaforlög, bókband og fyrirtæki sem setja texta. Ef bókaforlögin eru með bóksölu á sama raforkumæli telst starfsemin til þessa flokks ef talið er að útgáfan sé yfirgnæfandi en annars er merkt við 1612. Hér á einnig heima útgáfa og prentun dagblaða og tímarita.

07 GÚMMÍVÖRUIÐNAÐUR

Í þessum hópi er vinnsla úr gúmmí.

0700 Gúmmivöruiðnaður: Í þessum flokki er vinnsla úr gúmmí svo sem **0700** dekkjaframleiðsla, framleiðsla á mottum úr ónýtum dekkjum o.fl. Hér eru aftur á móti ekki dekkjaverkstæði, en þau teljast til flokks 1670. Sérþæling rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

08 EFNAIÐNAÐUR

Efnaiðnaðurinn er greindur í 9 flokka og á öll raforkunotkun í þessum iðnaði að flokkast hér. Ekki er bara um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig við yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Þegar aftur á móti er komið út í sölu á að flokka hana undir lið 16. Þar sem framleiðsla og sölustarfsemi nota sama raforkumælinn ber að merkja hann þeim þætti sem er stærri. Sérmeild rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 0810 Olúhrensunarstöðvar:** Engar olúhrensunarstöðvar eru hér á landi og á því ekki að merkja neina mæla með þessum flokki. **0810**
- 0820 Plastiðnaður:** Framleiðsla á plastvörum, svo sem umbúðum, telst til þessa flokks. **0820**
- 0821 Framleiðsla úr olíu og kolum, ótalin annars staðar:** Í þessum flokki er t.d. framleiðsla á asfalti og olíumöl. Raforkunotkun við lagningu á asfalti eða olíumöl, svo sem í vinnubúðum, telst ekki hér heldur til flokks 1400. **0821**
- 0831 Áburðarvinnsla:** Til þessa flokks telst Þörungaverksmiðjan að Reykhólum. Sala á áburði, þar sem hún er ekki með sama raforkumælinn, á ekki að flokka hér heldur í 1611 eða 1612. **0831**
- 0832 Hvalvinnsla:** Hvalstöðin í Hvalfirði er í þessum flokki. Frystihús Hvals í Hafnarfirði, þar sem fryst er hvalkjöt til manneðis, á ekki að flokka hér heldur telst það til frystingar sem er flokkur 0431. Önnur vinnsla á hvalkjöti, svo sem hrefnukjöti, á að flokka hér ef um er að ræða bræðslu þess, en vinnsla til manneðis heyrir til matvælaíðnaði (0492). **0832**
- 0833 Lifrabræðsla, lýsishreinsun og lýsishersla:** Þessi flokkur getur skarast við næsta flokk, 0834, og ræður þá hvor þátturinn er talinn stærri. **0833**
- 0834 Fiskimjöls-, síldarmjöls- og loðnuverksmiðjur:** Hér eru skráðar allar verksmiðjur sem bræða fisk og fiskúrgang nema ef lifrabræðsla er meginþáttur starfseminnar þá er notaður flokkur 0833. **0834**
- 0835 Málningar-, lakk- og límgerð:** Verksmiðjur sem framleiða þessar vörur teljast hér en ekki sala á afurðum sem telst til flokka 1611 eða 1612. **0835**
- 0839 Efnaiðnaður ótalin annars staðar:** Til þessa flokks heyrir allur efnaiðnaður sem ekki telst til hinna flokkanna átta hér á undan svo sem sápu-, þvottaefnis- og lyfjagerð. Hér telst einnig lífefnaiðnaður. **0839**

09 STEINEFNAIÐNAÐUR

Steinefnaiðnaðurinn er greindur í 5 flokka og á öll raforkunotkun í þessum iðnaði að flokkast hér. Ekki er bara um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig við yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Þegar aftur á móti er komið út í sölu á að flokka hana undir lið 16. Þar sem framleiðsla og sölustarfsemi nota sama raforkumælinn ber að merkja hann þeim þætti sem er stærri. Sérþættur rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 0920 Gleriðnaður:** Glerverksmiðjur og speglagerð teljast til þessa flokks. Einnig á hér heima framleiðsla á öðrum vörum úr gleri svo sem glösum. **0920**
- 0930 Leirsmíði og postulínsiðnaður:** Framleiðsla á hlutum úr leir og postulíni telst til þessa flokks en ekki sala á slíkum hlutum. Bæði er um að ræða hluti undir mat og sem notaðir eru til annarra hluta. **0930**
- 0940 Sementsgerð:** Sementsframleiðsla er í þessum flokki. Aftur á móti á ekki að flokka sölu og dreifingu á sementi út um land hér heldur í flokka 1611 og 1612. **0940**
- 0950 Kísilgúrframleiðsla:** Hér flokkast kísilgúrframleiðsla eins og var starfrækt um tíma við Mývatn. **0950**
- 0960 Steinullargerð:** Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki er í þessum flokki. **0960**
- 0990 Steinsteypugerð:** Steypustöðvar, hellugerðir og rörsteypur flokkast hér. Steypugerð á byggingarstað telst ekki til þessa flokks nema ef sett er upp sérstök steypustöð á staðnum eins og á sér stað við virkjanaframkvæmdir. **0990**

10 UNDIRSTÖÐUIÐNAÐUR ÚR JÁRNI OG STÁLI

Hér eru einungis tveir undirflokkar og á öll raforkunotkun í þessum iðnaði að flokkast í þá. Ekki er bara um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig við yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Sérþæling rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 1010 Járblendiiðnaður:** Járblendiverksmiðjan á Grundartanga telst til þessa flokks **1010** og á öll starfsemin þar heima hér nema flokka á notkun hafnarinnar annars staðar. Hafnalýsing telst til flokks 1811 og ef selt er rafmagn til skipa fer það undir flokk 1812. Önnur hafnarnotkun telst til flokks 1540.
- 1020 Annar undirstöðuiðnaður úr járni og stáli:** Hér á einungis að flokka **1020** undirstöðuiðnað en ekki úrvinnsluiðnað svo sem vélsmiðjur sem teljast til flokks 1210 eða 1670. Bræðsla á brotajárni telst til þessa flokks. Í flestum tilvikum fer framleiðsla verksmiðja í þessum flokki til annarra fyrirtækja til frekari úrvinnslu.

11 UNDIRSTÖÐUIÐNAÐUR ÚR ÓJÁRNKENNDUM MÁLMUM

Hér eru einungis þrjú undirflokkar og á öll raforkunotkun í þessum iðnaði að flokkast í þá. Ekki er bara um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig við yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Sérmeild rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 1110 Áliðnaður:** Álverksmiðjan í Straumsvík telst til þessa flokks og á öll starfsemin **1110**
þar heima hér nema flokka á notkun hafnarinnar annars staðar. Hafnarlýsing telst
til flokks 1811 og ef selt er rafmagn til skipa fer það undir flokk 1812. Önnur
hafnarnotkun telst til flokks 1540.
- 1111 Framleiðsla álþynna:** Hér er flokkuð framleiðsla á álþynnum eins og á sér stað **1111**
hjá Becromal á Akureyri.
- 1120 Annar undirstöðuiðnaður úr ójárnkenndum málum:** Hér á einungis að **1120**
flokka undirstöðuiðnað en ekki úrvinnsluiðnað svo sem pönnuverksmiðju Alpan
á Eyrarbakka sem telst til flokks 1300. Hér eru flokkaðar kísilverksmiðjur svo
sem PCC á Bakka. Í flestum tilvikum fer framleiðsla verksmiðja í þessum flokki
til annarra fyrirtækja til frekari úrvinnslu.

12 FRAMLEIÐSLA VÉLA OG TÆKJA

Þessi hópur er greindur í 4 flokka og á öll raforkunotkun við framleiðslu véla og tækja að lenda hér. Ekki er bara um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig við yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Aftur á móti þegar komið er út í sölu á að flokka hana undir lið 16. Þar sem framleiðslan og sölustarfsemi nota sama raforkumælinn ber að merkja hann þeim þætti sem er stærri. Sérþættur rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 1210 Framleiðsla véla og tækja annarra en raftækja og flutningstækja: 1210**
Vélsmiðjur teljast til þessa flokks.
- 1220 Framleiðsla raftækja: 1220**
Hér flokkast framleiðsla allra raftækja svo sem rafvéla í verksmiðjur, hleðslutækja, fjarskiptatækja, tölvubúnaðar og rafknúinna heimilistækja.
- 1230 Skipasmíðar: 1230**
Allar skipasmíðastöðvar eiga að teljast til þessa flokks hvort sem þær stunda nýsmíði eða viðgerðir.
- 1240 Framleiðsla samgöngutækja á landi og í lofti: 1240**
Framleiðsla ökutækja telst til þessa flokks og einnig breytingar á þeim ef þær eru verulegar, svo sem yfirbygging strætisvagna og flutningabíla, smíði tengivagna og vörubílsþalla. Framleiðsla og samsetning flugvéla á heima í þessum flokki. Einnig framleiðsla á reiðhjólum, barnavögnum og hjólbörum.

13 FRAMLEIÐSLUIÐNAÐUR, ÓTALINN ANNARS STAÐAR

Hér lendir allur iðnaður sem ekki flokkast annars staðar.

1300 Framleiðsluiðnaður, ótalinn annars staðar: Hér lendir allur iðnaður sem ekki flokkast undir meginliði 4-12. T.d er um að ræða margs konar búnað fyrir heimili úr málmum svo sem potta, pönnur og húsgögn. Einnig framleiðslu leikfanga og smíði skartgripa þar sem hægt er að greina hana frá sölu á slíkum varningi. Ekki er hér bara um að ræða notkunina við framleiðsluna sjálfa heldur einnig við yfirstjórn og annað sem er beint tengt framleiðslunni. Þegar aftur á móti er komið út í sölu á að flokka hana undir lið 16. Sérþæling rafhitun húsnæðisins, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér. **1300**

14 BYGGINGARSTARFSEMI OG OPINBERAR FRAMKVÆMDIR

Til þessa hóps teljast allar byggingarframkvæmdir og opinberar framkvæmdir.

1400 Byggingastarfsemi og opinberar framkvæmdir: Til þessa flokks teljast **1400** byggingarframkvæmdir, vegagerð, hafnargerð, brúargerð, virkjanaframkvæmdir, framkvæmdir við allar gerðir lagna (heitt og kalt vatn, rafmagn, fjarskipti) o.fl. Framleiðsla í verksmiðju á einingum til þessara framkvæmda er ekki flokkuð hér heldur lendir hún í flokki 0610 eða 1300, en samsetning þessara eininga á byggingarstað flokkast hér. Öll raforkunotkun verktaka telst hér með, þar á meðal á skrifstofum. Viðhald mannvirkja, nema minniháttar viðhald sem framkvæmt er af eiganda mannvirkisins, flokkast einnig hér ef hægt er að greina raforkunotkun vegna viðhaldsins frá annarri notkun. Rafhitun húsnæðisins, t.d. vinnuskúra og skrifstofa, er einnig flokkuð hér.

15 REKSTUR ALMENNINGSVEITNA OG OPINBER STJÓRNSÝSLA

Öll starfsemi sem telst til opinbera geirans flokkast hér. Ekki er þó um að ræða viðskipta- eða framleiðslufyrirtæki í eigu ríkisins en þau flokkast eftir þeirri starfsemi sem þar fer fram. Notkunin er greind niður á tólf undirflokkum. Sérþæling rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 1510 Raforkuvinnsla:** Eigin notkun raforkuvinnslufyrirtækja í virkjunum og á skrifstofum flokkast hér. Orkan getur bæði komið beint frá virkjun eða frá dreifikerfi raforku. **1510**
- 1511 Rafveitur, dreifiveitur og Landsnet:** Eigin notkun rafveitna í aðveitustöðvum, dreifistöðvum og á skrifstofum flokkast hér. Dreifiveiturnar reka nokkrar kyntar hitaveitur en raforkuna sem fer á katlana á ekki að setja hér heldur lendir hún í flokki 1513. **1511**
- 1512 Hitaveitur:** Öll raforkunotkun hitaveitna, annarra en kyntra hitaveitna, telst til þessa flokks. Hér er aðallega um að ræða raforku til dælingar en einnig á að telja hér notkun á skrifstofu veitunnar. Ef veitan notar bæði raforku og jarðvarma er hitun á vatni með raforku talin í flokki 1513 en önnur notkun veitunnar telst til þessa flokks. **1512**
- 1513 Rafhitaveitur:** Hitun á vatni til húshitunar á vegum hitaveitna, svo sem með rafskautakatli eða varmadælu, flokkast hér og ef um sérstakt fyrirtæki er að ræða á það einnig við um notkun á skrifstofu þess. Raforka til dælingar á heita vatninu er einnig merkt þessum flokki. Varmadæla á heimili á **ekki** að flokka hér heldur telst hún til 1930. Varmadæla eða rafskautaketill í fyrirtæki á heldur **ekki** að flokka hér heldur telst hann með annarri starfsemi fyrirtækisins. Sölu á heitu vatni á **ekki** að leggja við raforkunotkun einstakra flokka. **1513**
- 1521 Vatnsveitur:** Öll raforkunotkun vatnsveitna hvort sem að hún er til dælingar, á skrifstofu veitunnar eða til annars flokkast hér. **1521**
- 1522 Sjúkrahús, elliheimili og vistheimili:** Raforkunotkun sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, elliheimila, endurhæfingarstofnana og annarra heilbrigðisstofnana sem reknar eru af opinberum aðilum er talin hér. Einnig er um að ræða stofnanir fyrir vangefna, blinda, fatlaða og öryrkja. Hér á **ekki** að flokka lækna- eða tannlæknastofur sem reknar eru af læknum en þær teljast til flokks 1650. **Ekki** heldur íbúðir fyrir aldraða, fatlaðra eða öryrkja sem ekki eru jafnframt sjúkrastofnanir. Notkunin þar er talin heimilisnotkun. **1522**
- 1523 Skólar:** Raforkunotkun í öllu skólahúsnæði nema í sundlaugum og íþróttahúsum skóla telst hér. Heimavistir skóla eru meðtaldar. **1523**

- 1524 Sundlaugar og íþróttahús:** Raforkunotkun í sundlaugum, íþróttahúsum á íþróttavöllum (búningsklefar meðtaldir) og skíðasvæðum, hvort sem er í eigu ríkis, sveitarfélaga eða íþróttafélaga, telst hér. Íþróttasalir í eigu einstaklinga eða fyrirtækja flokkast **ekki** hér **né** heldur líkamsræktarstöðvar, en þessi starfsemi telst til flokks 1670. **1524**
- 1525 Keflavíkurflugvöllur og önnur NATO viðskipti:** Hér er um að ræða notkun varnarliðsins hvar sem er á landinu en eftir að það hvarf frá landinu á notkun í þessum flokki að vera lítil. Raforkunotkun vegna íslenskrar atvinnustarfsemi á Keflavíkurflugvelli, svo sem í flugstöðinni, á ekki að flokka hér. **1525**
- 1527 Félagsheimili:** Um er að ræða raforkunotkun í húsnæði sem notað er til félagsstarfsemi og er í eigu opinberra aðila eða félagasamtaka. Við íþróttavelli eru oft félagsheimili íþróttafélaganna þar sem jafnframt er búningsaðstaða og jafnvel sambyggð íþróttahús. Ef raforkunotkun slíkra félagsheimila er ekki sérmæld telst hún til flokks 1524. Félagsmiðstöðvar fyrir unga jafnt sem aldraða flokkast einnig hér. **1527**
- 1528 Kirkjur:** Raforkunotkun í kirkjum og safnaðarheimilum telst til þessa flokks. Notkun í prestbústöðum er ekki meðtalin hér en þar er um að ræða heimilisnotkun. **1528**
- 1529 Dagheimili, leikskólar:** Í þessum flokki eru dagheimili og leikskólar sem reknir eru af hinu opinbera. Slíkar stofnanir sem reknar eru og fjármagnaðar alfarið af einstaklingum eða fyrirtækjum teljast aftur á móti til flokks 1670. **1529**
- 1540 Önnur opinber þjónusta og stjórnsýsla:** Hér er um að ræða alla opinbera þjónustu sem ekki getur talist til neins af flokkunum tólf hér á undan. T.d. er hér um að ræða velferðar- og hjálparstofnanir, björgunarsveitir, skrifstofur félagasamtaka, opinberar rannsóknastofnanir o.fl. Einnig er hér talinn frágangur á sorpi, svo sem pökkun þess, og dæling á skolpi. **1540**

16 VIÐSKIPTI, HANDIÐNIR OG ÞJÓNUSTA ÖNNUR EN OPINBER

Viðskipti og þjónusta einkaaðila telst til þessa liðs en einnig handiðnir. Þessi liður er greindur niður í 12 flokka. Sérþætt rafhitun húsnæðis, sem starfsemin fer fram í, er einnig flokkuð hér.

- 1611 Heildverslun:** Hér á að telja alla raforkunotkun í heildverslun. Þar sem fyrirtæki **1611** er með framleiðslu og sér einnig um dreifingu á framleiðslunni um landið á einnig að telja þennan þátt til þessa flokks. Átöppun drykkjarvara er t.d. flokkuð hér ef ekki er einnig um framleiðslu drykkja að ræða. Auk þess er söfnun á úrgangsmálmi í þessum flokki.
- 1612 Smásöluverslun:** Til þessa flokks teljast allar smásöluverslanir. Þegar um er að **1612** ræða bæði smásölu og heildsölu og ef ekki er sinn hvor rafmagnsmælirinn ræður sá þáttur starfseminnar flokkuninni sem talinn er umfangsmeiri. Framleiðslufyrirtæki eru einnig oft með smásölu og er hún þá talin hér ef notkunin í versluninni er sérþætt. Leiga á búnaði til heimilis- eða einkanota er einnig flokkuð hér.
- 1621 Veitingastaðir:** Allir matsölustaðir eiga að tilheyra þessum flokki þar meðtaldir **1621** skyndibitastaðir og söluvagnar sem selja tilbúinn mat. Einnig vínveitingahús og dansstaðir án vínveitingaleyfis, þó **ekki** félagsheimili sem teljast til flokks 1527.
- 1622 Gististaðir:** Öll hótél og gistiheimili teljast til þessa flokks og einnig tjaldstæði. **1622** Veitingastaðir á hótélum þar sem raforkunotkun er ekki sérþætt lenda í þessum flokki. Bændagisting ef gistihús er með sér mæli.
- 1631 Samgöngur, aðrar en rafknúin farartæki:** Hér teljast bifreiðastöðvar og **1631** sérleyfishafar, öll starfsemi á flugvöllum, skrifstofur og önnur starfsemi flugfélaga og starfsemi skipafélaga í landi. Einnig er starfsemi ferðaskrifstofa talin til þessa flokks. Vitar, hvort sem er ljósvitar fyrir sæfarendur eða radíóvitar fyrir flugvélar, eru í þessum flokki.
- 1632 Póstur og sími:** Til þessa flokks telst raforkunotkun ríkisfyrirtækisins Pósturinn **1632** og einnig notkun hjá öðrum póstdreifingar- og hraðsendingarfyrirtækjum. Hér flokkast einnig fjarskiptafyrirtæki. Sendar fyrir sjónvarp og útvarp eru **ekki** í þessum flokki heldur í 1660, menningarmál, og á þetta bæði við um ríkisútvarpið og einkastöðvar.
- 1641 Peningastofnanir:** Í þessum flokki eru allir bankar, sparisjóðir, verðbréfa- og **1641** kreditkortafyrirtæki
- 1642 Tryggingar:** Raforkunotkun tryggingafélaga lendir hér. **1642**
- 1643 Þjónusta við atvinnurekstur:** Hér eru arkitekta-, auglýsinga-, endurskoðunar-, **1643**

bókhalds-, lögfræði-, verkfræðifyrirtæki. Einnig er um að ræða aðra þjónustu við atvinnurekstur svo sem tölvuþjónustu, fjölrítun, ljósritun, leigu á tækjum og ýmsar viðgerðir atvinnutækja svo sem netaviðgerðir.

- 1644 Gagnaver:** Hér er um að ræða raforku sem fer til rekstur gagnavera. **1644**
- 1650 Heibrigðisþjónusta á vegum einkaaðila:** Lækna- og tannlæknastofur í einkaeign teljast til þessa flokks. **1650**
- 1660 Menningarmál:** Menningastofnanir hvort sem er í eigu opinberra aðila eða einkaaðila flokkast hér. Hér er t.d. um að ræða bókasöfn, kvikmyndagerð, kvikmyndahús, leikhús, sjónvarp, útvarp, tónlistarhús, söfn, lystigarða, skemmtigarða o.fl. Öll raforkunotkun þessarar starfsemi, einnig notkun hljóðvarps- og sjónvarpssenda hvort sem þeir eru í einka- eða opinberri eigu, á heima hér. Skeiðvellir, hesthús, tamningarstöðvar og annað tengt hestamennsku er einnig flokkað hér. **1660**
- 1670 Önnur þjónusta og handiðnir:** Til þessa flokks á að telja það sem ekki telst til flokkanna tólf hér á undan en fellur samt undir þennan hóp. Hér er t.d. um að ræða bifreiðaverkstæði, hjólbarðaverkstæði, rafvéilverkstæði og aðra viðgerðarþjónusta fyrir almenning og fyrirtæki. Viðgerðir á skipum falla þó undir flokk 1230. Einnig er um að ræða þvottahús, hreinsanir, ljósmyndastofur og handiðnir. **1670**

17 RAFKNÚIN FARARTÆKI

Þessi hópur er fyrir rafmagnslestir, neðanjarðarbrautir, sporvagna, rafmagnsbíla o.fl.

1700 Rafknúin farartæki: Þessi flokkur er fyrir rafmagnslestir, neðanjarðarbrautir, sporvagna, rafmagnsbíla o.fl. Raforkunotkun rafbíla sé sjaldan sérmæld enda eru fólksbílar gjarnan hlaðnir á heimilum, og lendir notkunin þá undir heimilisnotkun í 19 flokknum hér að aftan. Hleðslustöðvar orkusölufyrirtækja á að flokka hér og einnig hleðslustöðvar í almennum fyrirtækjum og hjá opinberum aðilum ef notkunin er sérmæld en annars telst hún með þeirri starfsemi sem raforkan er annars notuð við. **1700**

18 GÖTU- OG HAFNALÝSING

Öll sérmæld útlýsing er talin hér og rafmagn til skipa.

1811 Götu- og hafnalýsing: Hér er um að ræða götulýsingu sem er á vegum **1811** sveitarfélaga og einnig alla aðra útlýsingu sem er sérmæld, hvort sem hún er á vegum opinberra aðila, fyrirtækja eða einstaklinga. Hér á **ekki** að telja notkun ljósvita fyrir sæfarendur heldur eiga þeir heima í flokki 1631.

1812 Rafmagn til skipa: Í mörgum höfnum geta skip fengið rafmagn úr landi þegar **1812** þau liggja þar og á slík notkun að flokkast hér.

19 HEIMILI

Heimilisnotkun er hér greind niður á þrjá flokka eftir því hvort um rafhitun er að ræða og hvort að hún er sérmæld. Þar sem ekki er hægt að aðgreina raforkunotkun á heimilum í sveitum frá búrekstri lendir hún **ekki** hér heldur í meginflokki 01. Einnig telst notkun í sumarbústöðum til þessa meginflokks.

- 1910 Heimili án rafhita eða með sérmældra rafhitun:** Sérmæld heimilisnotkun er **1910** flokkuð hér **nema** þar sem búrekstur er aðalatvinna heimilisfólksins en þá lendir heimilisnotkunin í meginflokki 01.
- 1920 Heimili með rafhitun sem ekki er sérmæld:** Þar sem heimilisnotkun og **1920** rafhitun íbúðarhúsa er sammæld er notkunin flokkuð hér **nema** þar sem heimilisfólkið framfleytir sér aðallega með búrekstri en þá lendir notkunin í meginflokki 01.
- 1930 Sérmæld rafhitun íbúðarhúsnæðis:** Ef rafhitun íbúðarhúsnæðis er sérmæld er **1930** hún flokkuð hér **nema** þar sem aðalatvinna heimilisfólksins er landbúnaður en þá lendir hún í meginflokki 01.
- 1940 Sumarbústaðir:** Öll raforkunotkun sumarbústaða er talin hér hvort sem **1940** bústaðirnir eru í eigu einstaklinga eða félagasamtaka. Þjónustumiðstöðvar teljast einnig hér ef engin sölustarfsemi fer þar fram, en ef um slíkt er að ræða flokkast þær í lið 16. veiðihús við ár og vötn teljast **ekki** til þessa flokks heldur eru þau í flokki 0123.

VIÐAUKI 1

UPPFLETTILISTI

Greining starfsemi á notkunarflokk

Hér er talin upp í stafrófsröð margs konar starfsemi og sagt til um hvaða notkunarflokk hún tilheyrir. Þessi listi ætti að auðvelda merkingar veitna því þar er hægt að fletta upp á starfsemi orkukaupandans og fá þannig uppgefinn notkunarflokkinn. Þegar hann er fundinn í listanum er öruggast að fletta upp í textanum hér að framan til að fá frekari upplýsingar um flokkinn.

Starfsemi	Flokkur	Bókhaldsfyrirtæki	
		Bólstrun	1643
		Bón og þvottastöð	0610
Alifuglabú	0112	Brauðgerð	1670
Apótek	1612	Brauðsala	0460
Arkitektastofa	1643	Brotajárvinnsla	1612
Asfaltgerð	0821	Brúargerð	1020
Auglýsingaskilti	1670	Bruggun	1400
Auglýsingastofa	1643	Búrekstur	0491
Áburðarverksmiðja	0831	Búrekstur og hitun húsnæðis	0108
Áklæðagerð	0510	Byggingarstarfsemi	0101
Álverksmiðja	1110	Dagblað	1400
Átöppun drykkjarvara	1611	Dagheimili	0630
Ávaxtasafi, blöndun og pökkun	0491	Dansskólar	1529
Álþynnuframleiðsla	1111	Dansstaður	1660
Bakarí	0460	Dekkjaframleiðsla	1621
Banki	1641	Dekkjaviðgerð	0700
Bensínsala	1612	Dreifiveita raforku	1670
Bifreiðasala	1612	Drykkjarvöruiðnaður	1511
Bifreiðaskoðun Íslands	1631	Dýraspítali	0491
Bifreiðasmíði	1240	Efnalaug	1540
Bifreiðasprautun	1670	Eldi fiska	1670
Bifreiðastæðahús	1631	Elliheimili	0109
Bifreiðastöð	1631	Endurhæfingarstöð	1522
Bifreiðaviðgerð	1670	Endurskoðunarskrifstofa	1522
Bifreiðavörverslun	1612	Endurvinnsla járn	1643
Bifreiðþjónusta	1670	Endurvinnsla, söfnun og pökkun	1020
Bíllaleiga	1670	Fasteignasala	1670
Björgunarsveit	1540	Fatahreinsun	1670
Blikksmiðja	1210	Fataiðnaður	1670
Bókaforlag	0630	Fataverslun	0520
Bókabúð	1612	Ferðaskrifstofa	1612
Bókasafn	1660	Ferðþjónusta bænda	1631
Bókband	0630		1622

Félagasamtök	1540	Hitaveita	1512
Félagsheimili	1527	Hjálparstofnun	1540
Félagsmiðstöðvar	1527	Hjóbarðaverkstæði	1670
Fiskeldi	0109	Hjóbarðagerð	0700
Fiskfyrsting	0431	Hljómplötugerð	1660
Fiskimjölsverksmiðja	0834	Hótel	1622
Fiskrækt	0109	Húsgagnaframleiðsla	0610
Fiskveiðar	0122	Hvalvinnsla	0832
Fjölrítunarstofa	1643	Hænsnabú	0112
Flugfélag	1631	Innréttingaframleiðsla	0610
Flugvöllur	1631	Íbúðir fyrir aldraða	1910
Fóðurframleiðsla	0117	Ísbúð	1612
Fyrsting hvalkjöts	0431	Ísframleiðsla f. útgerð	1300
Gagnaver	1644	Ísgerð, mjólkurís	0420
Gallerí	1660	Ísgerð, jurtaís	0492
Gangbrautarljós	1631	Ípróttahús í eigu einstaklinga	1670
Garðyrkja, lýsing	0111	Ípróttahús, opinber eða félög	1524
Garðyrkja og ylrækt annað en lýsing	0116	Ípróttavöllur	1524
Gististaður	1622	Jarðboranir	0300
Glerverksmiðja	0920	Járnsmiðja	1210
Golfvöllur	1660	Jarðefnataka	0300
Gosframleiðsla	0491	Járnblendiverksmiðja	1010
Grasmjölsverksmiðja	0118	Kaffibrennsla	0492
Grjótnám	0300	Kaffihús	1621
Gróðurhús	0116	Kaffimölun	0492
Gullsmiður	1670	Kassagerð	0620
Gúmmívöruiðnaður	0700	Kaupleiga	1641
Gæludýrafóður, framleiðsla	0492	Keflavíkurflugvöllur, varnarliði	1525
Gæludýraeldi	1660	Kexgerð	0470
Götukort (Leiðavísir)	1540	Kirkja	1528
Götulýsing	1811	Kísilgúrframleiðsla	0950
Hafnargerð	1400	Kísilframleiðsla	1120
Hafnalýsing	1811	Kísilþörungavinnsla	0839
Handið	1670	Kjötvinnsla	0410
Hálkumæling	1540	Kolanám	0200
Hárgreiðslustofa	1670	Kolsýruframleiðsla	0839
Hárskeri	1670	Korkiðnaður	0610
Heildverslun	1611	Kornmatur, framleiðsla	0492
Heilsugæslustöð	1522	Kreditkortafyrirtæki	1641
Heimavist	1523	Kvikmyndagerð	1660
Heimili, ekki landbúnaður	1910	Kvikmyndahús	1660
Heimili með rafhita	1920	Kökugerð	0460
Heimilisraftæki, framleiðsla	1220	Lakkgerð	0835
Hellugerð	0990	Laxeldi	0109
Hestaleiga	1660	Leðurvöruframleiðsla	0530
Hesthús	1660	Leigubílastöð	1631

Leikfangaframleiðsla	1300	Póstþjónusta	1632
Leikhús	1660	Prentun	0630
Leikskóli	1529	Prestbústaður	1910
Leirsmíði	0930	Prjónastofa	0520
Lifrabræðsla	0833	Pönnuverksmiðja	1300
Listaverk-lýsing	1660	Rafeindatæki, framleiðsla	1220
Lífefnaiðnaður	0839	Rafhitaveita	1513
Lífeyrissjóður	1642	Rafhitun íbúðarhúsnæðis	1930
Líkamsræktarstöð	1670	Rafmagn til skipa	1812
Límgerð	0835	Rafmagnsbílar	1700
Límtrésverksmiðja	0610	Raforkuvinnsla	1510
Ljósmyndastofa	1670	Rafveita	1511
Ljósritunarstofa	1643	Rafvélaframleiðsla	1220
Loðdýrabú	0115	Rafvélaferkstæði	1670
Loðnubræðsla	0834	Rannsóknastofnun	1540
Lyfjagerð	0839	Ráðuneyti	1540
Lyftarar, rafknúnir	1700	Refabú	0115
Lystigarður	1660	Regnvatnsmæling	1540
Lýsishersla	0833	Renniverkstæði	1210
Lýsishreinsun	0833	Reykhús, kjöt	0410
Læknastofa	1650	Reykhús, fiskur	0492
Lögfræðistofa	1643	Rækjuvinnsla, frysting	0431
Löndunarkrani	1670	Rækjuvinnsla, niðursuða	0450
Malarnám	0300	Rörsteypa	0990
Malbikun	0821	Safn	1660
Malbikunarstöð	0821	Safnaðarheimili	1528
Málningargerð	0835	Saltfiskframleiðsla	0432
Miðamælar-stöðumælar	1631	Saltgerð	0300
Minnkabú	0115	Samgöngutæki, framleiðsla	1240
Mjólkurbúð	1612	Saumastofur	0520
Mjólkuriðnaður	0420	Sápugerð	0839
Myndbandadreifing	1660	Seiðaðeldi	0109
Myndbandaleiga	1660	Sementsgerð	0940
Myndbandaútgáfa	1660	Sendibílastöðvar	1631
NATO	1525	Sendiráð	1540
Netagerð	0540	Setning texta	0630
Netaviðgerð	1643	Sérleyfishafi	1631
Niðurlagningaverksmiðja	0450	Síldasöltun	0432
Olíuhreinsunarstöð	0810	Síldarmjölsverksmiðja	0834
Olíumalargerð	0821	Símaklefar	1632
Pappaiðnaður	0620	Símritapjónusta	1632
Pappírsvörugerð	0620	Símapjónusta	1632
Peningastofnun	1641	Sjónvarp	1660
Pizzastaður	1621	Sjónvarpssendir	1660
Plastiðnaður	0820	Sjúkrahús	1522
Postulínsiðnaður	0930	Skartgripaframleiðsla	1300

Uppflettilisti

Flokkun raforkunotkunar

Skátaskáli	1527	Sælgætisverslun	1612
Skeiðvöllur	1660	Söluturn	1612
Skelfiskvinnsla, frysting	0431	Tamningarstöð	1660
Skelfiskvinnsla, niðursuða	0450	Tannlæknastofa	1650
Skemmtigarður	1660	Textagerð	1660
Skinnavöruframleiðsla	0530	Tilbúnir réttir, kjöt	0410
Skipafélag	1631	Tilbúnir réttir, fiskur	0492
Skiparafmagn	1812	Timburiðnaður	0610
Skipasmíði	1230	Tímarit	0630
Skíðasvæði	1524	Tjaldstæði	1622
Skolpdæling	1540	Tónlistarhús	1660
Skógerð	0530	Trésmíðaverkstæði, nýsmíði	0610
Skógerð, gúmmískór	0700	Trésmíðaverkstæði, þjónustuverk	1670
Skógerð, plastskór	0820	Tryggingarfélag	1642
Skógerð, tréskór	0610	Tölvuþjónusta	1643
Skógrækt	0121	Ullarþvottur	0510
Skólagarðar	1540	Umbúðagerð úr pappír	0620
Skóli	1523	Umferðarljós	1631
Skreiðarframleiðsla	0432	Úrviðgerð	1670
Skrifstofur olúfélaga	1611	Útgáfustarfsemi	0630
Skyndibitastaður	1621	Útgerð	0122
Sláturhús	0410	Útvarp	1660
Slökkvistöð	1540	Útvarpssendir	1660
Smásöluverslun	1612	Varnarliðið	1525
Smjörlikisgerð	0492	Vatnsveita	1521
Smurstöð	1670	Vefjariðnaður	0510
Snjóbræðsla (sveitarfélag)	1540	Vefnaðarvöruframleiðsla	0520
Snyrtistofur	1670	Vegagerð	1400
Sorp, frágangur	1540	Veiðarfæragerð	0540
Sólbaðstofa	1670	Veiðihús	0123
Sparisjóður	1641	Veitingastaður	1621
Speglagerð	0920	Verðbréfafyrirtæki	1641
Sportveiði	0123	Verkfræðistofa	1643
Steinullagerð	0960	Verkalýðsfélög	1540
Steypustöð	0990	Verktakastarfsemi	1400
Strandeldi	0109	Vélsleðaðþjónusta	1670
Strætisvagnabiðskýli	1631	Vélsmiðja	1210
Sultugerð	0492	Virkjanaframkvæmdir	1400
Sumarbúðir	1670	Viti, ljós og radió	1631
Sumarbústaður	1940	Vínveitingahús	1621
Sundlaug	1524	Ylrækt	0116
Súpugerð	0492	Þjónustumiðstöðvar, sumarbústaða	1940
Sútunarverksmiðja	0530	Þvottaefnisgerð	0839
Svepparækt	0116	Þvottahús	1670
Svínabú	0113	Þörungaverksmiðja	0831
Sælgætisgerð	0480		